



Alþingi
Erindi nr. P 131/741
komudagur 25.1.2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 24. janúar 2005

Tilvísun: 2004120148

091.1

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum (bann við limlestingum á kynfærum kvenna)

Vísað er til bréfs, dags. 14. desember 2004, þar sem óskað var umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 130. löggjafarþingi, en þá sem frumvarp til sérrefsilega og veitti ríkislögreglustjórinn umsögn um frumvarpið með bréfi, dags. 15. júní 2004. Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 sem nú liggur fyrir þinginu er mjög til samræmis við þær athugasemdir sem ríkislögreglustjórinn hafði uppi um áðurnefnd sérrefsilagafrumvarp. Ríkislögreglustjórinn vill þó koma eftirfarandi athugasemdum um frumvarpið á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis:


Um 3. gr. Samkvæmt orðalagi 1. málslíðar er háttsemin bundin við það athæfi að valda tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar með því að "fjarlægja þau að hluta eða öllu leyti". Ríkislögreglustjórinn veltir upp þeirri spurningu hvort ákvæðið sé of þröngt orðað og hvort ekki sé eðlilegra að það taki einnig til hvers konar annarrar háttsemi sem skaðað getur kynfæri kvenna. Í því sambandi mætti setja orðin "t.d." í stað orðanna "þ.e." sem yrði þá svohljóðandi:

"Hver sem með ásetningi eða gáleysi, með eða án samþykkis, veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar, t.d. með því fjarlægja þau að hluta eða.....".

Þá er lagt til að orðalag 2. málslíðar verði breytt til samræmis við orðalag 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og verði svohljóðandi:

"Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af verknaði, eða hann er sérstaklega hættulegur vegna aðferðar, þ.á m. tækja sem notuð eru, svo og þegar bani hlýst af, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum."

F.h. RLS


Steinar Adolffson, lögl. fulltr.